

6. bekkur enska kennsluáætlun 2018-2019

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Build up 1

Build up 2

Ensk málfræði A-B-C

Dock

Pemahefti

Fjölrit frá kennara

Efni á netinu

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Innlagnir

Samræðuæfingar

Hlustun

Einstaklingsvinna

Hópvinna

Myndbönd

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Skriflegar kannanir

Munnlegar kannanir

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

2018 Fjalla 6.bekkur enska - Hlustun

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.

- Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta.

2018 Fjalla 6.bekkur enska - Lesskilningur

- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina

2018 Fjalla 6.bekkur enska - Samskipti

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.
- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.

2018 Fjalla 6.bekkur enska - Frásögn

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.
- Endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.
- Flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.

2018 Fjalla 6.bekkur enska - Ritun

- Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.
- Samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.
- Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.
- Skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst.

2018 Fjalla 6.bekkur enska - Menningarläsi

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar menningarsvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðháttu og þekktra staða.

- Sýnt fram á að hann þekkir til þátta sem einkenna barna- og unglingamenningu viðkomandi málsvæðis, s.s. söguhetja barnabóka, leikja, söngva og ævintýra.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

2018 Fjalla 6.bekkur enska - Náms hæfni

- Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki.
- Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.
- Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.
- Tengt ný viðfangsefni eigin reynslu og þekkingu.